

Sandkorn

Árshátíðarblað Sandgerðisskóla árið 2024



Vöxtur—virðing—vilji—vinátta



Útgáfa Sandkorns 2024

Nemendaráð Sandgerðisskóla

Ásdís Elma formaður

Sigurlaug Unnur varaformaður

Karma varaformaður

Guðjón Þorgils ritari

Oddný Soffía

Elísabet Victoría

Viktoría Ósk

Embla Ósk

Eygló Natalie

Guðný Björg

Hildur Þóra

Kamilla Björk

Margrét Þóra

Nikola

Sesselja Ásta

Ábyrgðarmaður: Örn Ævar Hjartarson



Efnisyfirlit:

Syskinastríð	4 og 28
Líf eftir Sandó	6
Öskudagur 2024	7
Vorferð árgangs 2008	8
Grettur	10 -11
Framtíðarspá	12-16
Fótboltamót	17
Minningar frá umsjónarkennurum	18 - 19
Kappát	20
Mottó	21 - 24
Bóndadagur	25
Eldgos	26 - 27
Brandarar	15 og 29
Viðtalið	30

Systkinastrið

Einar 4 rétt / Embla 4 rétt



Einar svarar

- Afmælisdagur: 21. apríl
- Uppáhalds litur: Blár
- Uppáhalds mynd: Frozen
- Uppáhalds fag: Stærðfræði
- Uppáhalds tónlistarmaður: Taylor Swift
- Áhugamál: Dans

Embla svarar

- Afmælisdagur: 4 mars
- Uppáhalds litur: Blár
- Uppáhalds mynd: Star Wars
- Uppáhalds fag: Stærðfræði
- Uppáhalds tónlistarmaður: Bubbi Morthens
- Áhugamál: Fótbolti

Guðný 4 rétt / Gunnlaugur 3 rétt



Guðný svarar

- Afmælisdagur: 12. nóv.
- Litur: Rauður
- Mynd: The Rookien
- Matur: Lambafille
- Listamaður:
- Fag: Íþróttir
- Áhugamál: Fótbolti

Gulli svarar

- Afmælisdagur: 12. okt.
- Litur: Fjólublár
- Mynd: The kissing booth
- Matur: Bjúgur
- Listamaður: Aron Can
- Fag: Stærðfræði
- Áhugamál: Ræktin



SMÍÐI

Sími: 869 2068 & 846 5869



SMÍÐI

Sími: 869 2068 & 846 5869



SMÍÐI

Sími: 869 2068 & 846 5869

Líf eftir Sandó



Við töluðum við Gunnar Frey, sem er að læra vélstjórn í Tækniskólanum. Við spurðum hann nokkrar spurningar um hvernig lífið væri eftir 10.bekk. **Hvernig er námið?** Námið er fjölbreytt og skemmtilegt. Hver dagur er breytilegur þannig maður er alltaf spenntur að mæta í skólann. **Hver er mesti munurinn á grunnskóla og framhaldskóla?** Mesti munurinn er að maður þarf að bera ábyrgð á sínu eigin námi. Það er svolítið erfitt að halda utan um námið eftir 10 ár með kennara sem segir þér akkúrat hvað þú átt að gera. **Hvernig er félagslífið?** Það er alltaf eitthvað að gerast og allir á sömu braut eru góðir vinir svo að maður er aldrei einn. **Mælirðu með skólanum þínum, af hverju?** Já. Maturinn er góður, það er fullt af aðstoð og annarri þjónustu. Öllum þörfum þínum er mætt. **Saknarðu grunnskóla?** Já það breytist ekki. Maður saknar alltaf grunnskólans.






**Airport
Associates**

-at your service!

Öskudagur 2024

Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur í Sandgerðisskóla. Á öskudeginum hefur verið hefð fyrir því að nemendur mæti í öskudagsbúningum. 10. bekkur sló í gegn eins og vanalega og var búningaþemað hjá þeim í ár, Lion King. Frábær dagur í alla staði sem endaði með því að nemendur og starfsfólk dönsuðu saman á sal skólans.



Ferðir '08 árgangsins

Síðustu tvo vetur höfum við verið ótrúlega heppin að fara í þrjár ferðir. Við fengum það einstaka tækifæri að fara til Slóvakíu þar sem við hittum frábært fólk, sáum ótrúlegt landslag, lærðum nýja dansa og kynntum íslenska menningu fyrir heimafólki. Við fórum einnig í okkar hefðbundnu 9. bekkjar ferð sem er flottasta ferðin í grunnskólanum en við þurftum að fara fyrir heim vegna ömurlegs veðurs. Við fórum til Hveragerðis og fórum í leiki þar, fórum á hestbak og í paintball sem var geðveikt. Við áttum að fara til Vestmannaeyja en þurftum að fresta þeim hluta af ferðinni vegna gulrar viðvörunnar. Við byrjuðum svo 10. bekkinn á því að fara í þann hluta ferðarinnar og fórum til Vestmannaeyja í geggjuðu veðri. Við fórum í skoðunarferðir um eyjuna og kynntumst svakalegri sögu hennar. Við gistum í klefum sem líktust geimhlykjum og var mikið stuð hjá okkur. Svo enduðum við ferðina á að fara í Ribsafari sem er eitt það svakalegasta sem við höfum prófað. Svo fórum við heim í Herjólfri þar sem nokkrir áttu mjög erfitt því nokkur voru svo sjóveik.



*Traust þjónusta
- hratt og örugglega alla leið!*

Worldwide Services
Synchronizing the world of commerce



www.express.is

Authorized Service Contractor

*Traust þjónusta
- hratt og örugglega alla leið!*

Worldwide Services
Synchronizing the world of commerce



www.express.is

Authorized Service Contractor

*Traust þjónusta
- hratt og örugglega alla leið!*

Worldwide Services
Synchronizing the world of commerce



www.express.is

Authorized Service Contractor

Grettur 2024



Grettur 2024



Fiskmarkaður Suðurnesja



Fiskmarkaður Suðurnesja



Blaðamaður Sandkorns fékk að kíkja í kristalkúluna hjá Röggu spákonu til að kanna hvað framtíðin ber í skauti sér hjá útskriftarárgangi skólans.

Alexander Ísak Almeida fer á tölvubraut í FS og lærir að forrita þar. Hann mun vekja athygli forritara á Íslandi og er boðið starf forritara í Landsbankanum. Hann vinnur þar um árabil þar til hann fer á ráðstefnu í Kaliforníu þar sem hann hittir Elon Musk. Hann verður náinn Elon Musk og þeir stofna saman fyrirtæki. Þegar Alexander verður 35 ára kemst hann á Topp 500 listann hjá Forbes yfir ríkustu menn í heimi. Alexander hittir draumamakann þegar hann er 38 ára í New York og eignast með henni 4 börn.

Amine Halldór Jónsson fer á fjölgreinabraut í FS og fær mikinn áhuga á glæpasögum eftir að hafa lesið eina glæpasögu í FS. Hann klárar FS með stæl og ákveður að fara á glæpasagnanámskeið í Colorado, USA. Hann skrifar glæpasögu sem gerist í Sandgerði og verður frægasti rithöfundur Íslands. Hann fer á samning hjá Penguin Random House sem er stærsti bókaútgefandi Bandaríkjanna. Hann gefur út glæpasögu 35 ára sem gerir hann heimsfrægan og verður hann einn af virtustu rithöfundum heims. Hann verður búsettur í Washington ásamt maka sínum og 2 börnum.

Aníta Rut Gunnarsdóttir mun vera MMA fighter í framtíðinni. Hún mun hitta draumamakann í æfingasalnum og eiga 2 krakka með honum. Anítu mun ganga mjög vel og verður hún rík og flytur til Dubai og búa þar til æviloka.

Aron Ingi Bragason mun fara í rafvirkjann eftir grunnskólann og útskrifast með flotta einkunnir af þeirri braut. Aron fær draumastarfið við að leggja rafmagn á lúxushótel í Borabora verður þar í 2 ár. Aron hittir draumamakann þegar hann er úti og giftast þau og eignast stóra fjölskyldu. Þau flytja til Madagaskar þar sem þau búa til æviloka.

Ásdís Elma Ágústsdóttir útskrifast með bestu einkunnir og fer svo í framhaldsskóla í bænum. Eftir það fer hún í Háskóla í New York að læra hestavísindin. Eftir námið keppir hún á heimsmeistaramóti hestamanna og sigrar það með yfirburðum. Hún verður tífoldur heimsmeistari og hættir hestamenskunni 37 ára. Hún flytur til Bahama og þar eignast hún maka, fjögur börn og tvo hesta.

Ástmar L. Steingrímsson mun vera meistari í boxi og mun vera milljónamæringur og besti vinur Mike Tyson. Hann finnur sér nýjan hæfileika sem óperu söngvari og verður heimsfrægur fyrir að vinna Jake Paul í hringnum á meðan hann syngur óperu. Ástmar giftist æskuástinni sinni og eiga þau æðislegt líf saman í Bandaríkjunum.

Einar Bergur Óskarsson mun útskrifast með góðar einkunnir úr FS síðan mun hann fara að læra píparann í Tækniskóla Reykjavíkur. Hann verður frábær í sínu fagi og stofnar fyrirtæki. Hann mun flytja í stærsta hús í Sandgerði þar sem hann lagði sjálfur lagnirnar og búa þar. Hann fer í CrossFit sem áhugamál og verður Íslandsmeistari.

Elísabet Victoría Pétursdóttir mun útskrifast úr FS í förðun og hárgreiðslu. Elísabet mun opna stofu í Reykjavík í samstarfi við Kennarasamband Íslands þar sem hún verður aðal förðunarmeistari sambandsins. Á ferðalagi um heiminn finnur hún draumamakann á Hawaii. Þau eignast stóra fjölskyldu og lifa hamingjusöm til æviloka.

Emilía Ósk Guðmundsdóttir mun fara á íþróttabraut í FS og klárar svo einkaþjálfaranámið. Emilía mun skapa sér gott orð sem topp einkaþjálfari. Hún fer á samning hjá ÍSÍ og mun sjá um einkaþjálfun á öllu íþróttafólki hjá öllum sérsamböndum fyrir utan KSÍ, HKÍ og KKÍ. Hún mun eiga einbýlishús í öllum landshlutum landsins. Emilía hittir draumamakann í einu af fjölmörgu verkefnum sínum og lifa þau hamingjusömu lífi saman til æviloka.

Erich Snædís Apas Lim mun fara í framhaldsnám í MK og leggja fyrir sig bakaranámið. Í náminu þar mun hún hitta draumamakann og eftir námið munu þau flytja saman til Bretlands og opna þar bakarí. Þau munu eiga yndislega ævi saman og eignast tvö börn.

Gabríela Zelaznicka mun fara í framhaldsnám til Bandaríkjanna þar sem hún mun læra sálfræðinginn. Hún fær gríðarlegan áhuga á að hekla og þrjóna og mun samtvinna þetta tvennt og koma af stað þrjónahreyfinu þar sem fólk vinnur í núvitund sinni með því að þrjóna og hekla. Hún mun hitta draumamakann sinn í náminu og munu þau búa í fjalllendi Colorado og eiga yndislega ævi saman ásamt börnunum sínum og gæludýrum.

Guðjón Þorgils Kristjánsson mun fara í Versló á viðskiptabraut og tekur þátt í söngleikjaverkefnum skólans. Þar fara umboðsmenn að taka eftir Guðjóni og bjóða honum samning í söngnum. Hann mun flytja til Bandaríkjanna og mun syngja með Ariana Grande á tónleikaferðalagi hennar. Á ferðalaginu hittir hann draumamakann sinna og á með honum yndislegt samband til æviloka. Guðjón mun halda tónleika um allan heim en kemur reglulega í Sandgerði til að syngja fyrir bæjarbúa.

Guðmundur Óskar Elíasson mun fara í kiropraktorinn eftir að hann hefur klárað íþróttufræðina í framhaldsskólanum. Hann opnar stofu í Noregi og verður einn sá vinsælasti þar. Hann verður mold ríkur og hittir draumamakann á tónleikum. Hann mun búa í Osló og eiga yndislega ævi þar.

Gunnar Karl Þorgeirsson mun útskrifast úr FS og mun spila í ensku deildinni árið 2039 með Arsenal hann mun eiga hund og uppáhalds leikurinn hans verður Pokémon. Hann mun flytja til New York og eignast hvolp og svo mun hvolpurinn hans verða frægur. Hann hittir draumaprinsessuna í London og eignast þau tvö börn saman, flytja til Íslands og búa þar til æviloka.

Gunnlaugur Yngvi Elínarson mun vera valinn í landsliðið þegar hann hefur lokið framhaldsskólanámi sínu. Hann lærir húsa- og málmsmíði í skólanum og mun taka þátt í að byggja nýjan bæ fyrir Grindvíkinga og græða helling af pening. Gulli mun eignast stóra fjölskyldu með makanum sínum og byggir hann sjálfur húsið þeirra á fallegum stað í Suðurnesjabæ. Einnig mun hann vera verkefnastjóri yfir byggingu knattspyrnuhallar í heimabæ sínum.

Hanna Karítas Hjaltadóttir fer á listabraut eftir grunnskóla. Hún mun flytja erlendis og opna kaffihús með ástinni sinni þar sem hún mun vera með reglulegar myndlistasýningar með sínum eigin verkum og þar sem tónlist sem hún hefur samið og spilað hljómar í hátölurunum.

Jakub Stypulkowski fer í vélstjóranám eftir grunnskólann. Hann verður svo aðalvélstjórinn á varðskipinu Þór. Kuba fer líka í bílasprautunarnámið og verður aðalsprautari hjá rallýliði besta vinar síns sem er að keppa á Evrópumótaröðinni í rallycross.

Jónína Kristín Jóhannsdóttir mun stofna netfyrirtæki eftir að hún klárar markaðsfræði og vefsíðugerð í FS. Fyrirtækið mun selja hekl og þrjónavörur sem hún framleiðir sjálf. Jónína mun gera það mjög gott í þessum bransa og eiga yndislegt líf með fjölskyldunni sinni.

Karma Á. M. Ólafs. verður heimsmeistari dansi á DWC bæði sem dansari og höfundur. Karma nýtir samböndin sín eftir keppnina og opnar dansstúdíó í Kanada og kemur Kanadabúum á kortið í dansheiminum. Dansstúdíóið verður einnig hljóðbókasafn þar sem fólk getur komið inn, hlustað á góða sögu og fengið útrás í dansi. Karma eignast stóra fjölskyldu sem verður öll í dansinum.

Katrín Ýr Baldursdóttir mun stofna fyrirtæki sem aðstoðar fólk að skipuleggja óreiðuna í kringum sig og einnig veita ráðgjöf í uppeldi á börnum. Fyrirtækið hennar verður með útibú á öllum Norðurlöndunum og verður hún einn virtasti ráðgjafi Norðurlandanna. Hún sjálf mun eiga stóra fjölskyldu og býr með þeim í Finnlandi.

Margrét Lilja Valsdóttir mun útskrifast úr FS, hún mun svo fara í heimsreisu. Í ferðalagi sínu fær hún áhuga á naglafræði og verður fræg á TikTok. Þegar heimsreisunni lýkur, opnar hún sína eigin snyrtistofu þar sem hún verður virtasti naglafræðingur í Evrópu. Hún fer á ráðstefnu í Frakklandi og slær í gegn þar. Í miðri ferðinni hittir hún sálufélaga sinn og byrja þau saman. Þau eignast 6 börn og eiga heima í París.

Nadia Amrouni fer í FS, fer svo í Háskóla Íslands og lærir að vera innanhús arkitekt og verður einn af bestu arkitektum í heiminum. Nadia mun giftast sínum heittelskaða og þau munu eignast 3 sæt börn og munu ferðast með þeim á meðan hún vinnur við að vera arkitekt um allan heim.

Oddný Soffía Sigurðardóttir mun útskrifast úr FS af náttúrufræðibraut og verður heimsfræg söngkona. Hún gefur út helling af lögum á Spotify og munu 10 þeirra vera með yfir 1.000.000.000 hlustanir. Hún giftist æskuástinni sinni og þau flytja til USA með þrjú börn og tvær kisar og þau verða miljarðamæringar.

Olgeir Aron Baldursson útskrifast úr FS og mun hanna fatalínu sem heitir Goggi Clothing. Fatalínan stækkar með hverju ári. Þegar hann nær góðum árangri í þessum bransa tekur hann upp pílurnar og mun hann vera fyrsti Íslendingurinn til þess að vinna heimsmeistara mót í pílu.

Ólafur Pétur Þórjónsson mun útskrifast úr framhaldsskóla fer síðan í HÍ og útskrifast þar úr rafmagnsverkfræði. Hann flytur til USA og mun sjá um rafmagnsuppsetningar á tónleika ferðalögum ýmissa ofurstjarna. Hann gistist æskuástinni sinni og búa þau rík og hamingjusöm til æviloka.

Rúnar Helgi Magnússon mun útskrifast sem rafvirki og vélstjóri með góðar einkunnir úr FS. Hann mun taka þátt í því að byggja ofurkrossara sem verður vinsælasti krossarinn í heiminum. Hann mun sjálfur keppa á honum og verður einn sá flottasti í heiminum í þessum bransa. Rúnar mun nýta gróðann úr bransanum í að fjárfesta í bílum og húsum út um allan heim.

Brandarar

Fullorðinn maður var að keyra upp Ártúnsbrekkuna, áleiðis til síns heima í Mosfellsbænum, þegar konan hans hringdi í hann og sagði áhyggjufull:

„Jónas minn, vertu varkár á heimleiðinni! Ég heyrði í útvarpinu fyrir augnabliki síðan að einhver vitleysingur væri að keyra öfugu megin í Ártúnsbrekkunni.“

„Já, ég veit,“ sagði Jónas, „en það er ekki bara einn. Þeir eru margir sem koma þjótandi á móti mér.“

Kona kom inn á hundasnyrtistofuna ásamt manninum sínum og púðluhundi og sagði við hundasnyrtinn:

„Getur þú þjálfað hann, þvegið honum, rakað hann og snyrt fyrir mig?“

„Já, ekkert mál,“ svaraði hundasnyrtirinn.

„Frábært,“ sagði konan. „Svo ætla ég að fá sömu meðferð fyrir hundinn.“

Gísli, Eiríkur og Helgi unnu hjá Garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar og voru alltaf saman í hóp.

Einn daginn áttu tvær konur leið um Miklatún og dokuðu aðeins við þegar þær sáu mann grafa holu af miklum krafti og annan standa þar hjá og moka svo ofan í holuna aftur. Loks gátu þær ekki hamið sig og gengu til mannanna og spurðu hvað þeir væru að gera?

„Við vinnum við að gróðursetja tré,“ sagði annar þeirra.

„Já, já, en hvar er tréð?“

„Við vinnum þrír saman í hóp og sá sem lætur trén í holuna er veikur í dag.“

Hvað verður um ís sem er búinn að vera lengi í boxi?

—Hann kemst á endanum í form.

Lögreglumaður við vegaeftirlit í Hafnarfirði stöðvaði bíl. Þegar bílstjórinn hafði skrófað niður rúðuna sagði lögreglumaðurinn:

„Ég verð að sekta þig. Þú ókst á 80 kílómetra hraða á klukkustund.“

„Hvaða vitleysa er þetta í þér,“ sagði ökumaðurinn argur. „Ég er ekki búinn að keyra nema 10 mínútur í þetta skiptið.“

Englendingurinn Jimmy, Skotinn Angus og Írinn Murphy voru staðnir að því að spila póker fyrir peninga – kolólöglegt athæfi. Þeir voru fyrir rétti og dómari spurði Jimmy, sem sagði:

„Nei, nei, ég var bara að sýna þeim nokkra spilagaldra.“

Dómari lét mál hans þá niður falla en sneri sér að Angus sem sagði:

„Ég var bara að sýna þeim nokkrar reikningsþrautir sem hægt er að gera með spilum.“

Dómari lét það gott heita og spurði Murphy:

„Varst þú að spila póker?“

Murphy yppti öxlum og svaraði: „Við hvern?“

Reykvíkingurinn var búinn að kolfesta bílinn sinn í leðju á sveitaveginum þegar bónda nokkurn bar það að á jeppa. Bóndinn bauðst til að kippa í bílinn fyrir fimmþúsundkall og vesalings borgarbarnið, sem átti ekki annarra kosta vól, þáði það. Þegar bíllinn var kominn upp úr drullunni rétti bílstjórinn bóndanum fimmþúsundkallinn og sagði:

„Ertu ekki að draga menn upp úr leðjunni allan sólarhringinn fyrst þú getur grætt svona á því?“

„Nei, alls ekki,“ svaraði bóndinn.

„Á nóttunni loka ég veginum á meðan ég sprauta á hann vatni.“



Sara Dís Ólafsdóttir mun útskrifast af náttúrurfræðibraut úr FS með hæstu einkunn. Sara fer svo þaðan í lyfjafræðina þar sem hún mun hanna lyf sem útrýmir krabbameinsfrumum sem á eftir að einfalda alla meðferð við krabbameini. Sara mun eignast yndislega fjölskyldu og munu þau búa á stórum búgarði með hestum og kindum.

Sebastian Sucko mun fara í stýrimannaskólann í Tækniskólann. Eftir útskrift þar fær hann vinnu sem skipstjóri á stóru skemmtiferðaskipi sem siglir um Miðjarðarhafið. Eftir að hafa siglt í 15 ár fær hann leið á því og fer í lögregluskólann. Hann fær vinnu í lögreglunni og mun verða einn öflugasti rannsóknarlögreglumaður Íslands.

Shemariah Mitas Gaviola mun fara í flugnám eftir framhaldsskóla. Hún útskrifast sem flugmaður og fær frábært starf sem flugmaður einkapotu forstjóra Pepsi Co. og flýgur út um allan heim. Hún fær einnig að nota þotuna þegar forstjórinn er í frí og nýtir hún tækifærið að fljúga með fjölskylduna sína og vini á alla draumastaði þeirra.

Sigurður Ingi Blöndal mun útskrifast úr FS sem húsmiður og forritari. Hann mun búa til app sem kemur með ráð hvernig eigi að gera verkefni á sem stystum tíma og hvernig eigi að spara vinnutíma. Öll fyrirtæki á suðvesturhorni Íslands munu kaupa þetta app sem verður til þess að vinnuvikan á Íslandi verður þrjú dagar. Hann verður forríkur og á frábært líf.

Sigurlaug Unnur Stefánsdóttir mun fara í slökkviliðið og verður einnig í sjúkraflutningum. Einnig verður hún í björgunarsveitinni þar sem verður brjálað að gera næstu tvo áratugi vegna eldgosa. Hún mun finna draumamakann í einum björgunarleiðangrinum. Þau munu eignast flotta fjölskyldu og hund.

Sædís Ósk Gunnarsdóttir fer í FS og lærir fatasaum og listir. Eftir það fer hún í Háskóla Íslands og lærir markaðsfræði. Hún útskrifast með bestu einkunnir. Hún stofnar sitt eigið fyrirtæki sem framleiðir jogging galla. Hún skrifar undir samning við Nike þar sem hún hagnar galla á Ólympíufara sem klæðast Nike. Hún verður mjög rík og á heima í fallegasta og dýrasta húsinu í bænum.

Tristan Breki Cassaro Andrason útskrifast úr FS sem rafvirki og stálsmiður. Hann mun flytja til Berlínar og fær það verkefni að hanna og smíða nýjan ofurbíl hjá Tesla sem fær heitið Model Ω . Bíllinn selst frábærlega og verður Tristan mjög ríkur. Tristan kynnist draumaprinsessunni í Þýskalandi og eignast þau yndislega fjölskyldu og lifa hamingjusöm til æviloka.

Fótboltamót nemenda 10. bekkjar gegn starfsfólki

Hið árlega fótboltamót Sandgerðisskóla var haldið 15. mars þar sem nemendur í 10. bekknum kepptu á móti liði starfsfólks. 10. bekkingar mættu tilbúin í verkefnið og var mótið skemmtilegt eins og ávalt. Hörkuleikir voru spilaðir en fóru úrslitin þannig að lið starfsfólksins fór með sigur af hólmi eftir mikla keppni.

Skemmtileg fótboltahefð sem hefur verið haldin við hér í Sandgerðisskóla í rúm 30 ár.



www.driveyou.is driveyou@driveyou.is

Molar frá umsjónarkennurum

Valdís:

Vá það er bara komið að þessu. Mér finnst eins og það hafi verið í gær sem ég tók við helm-ingnum af ykkur í 3ja bekk á móti Nínu svo lítil og saklaus. Það tók smá tíma fyrir mig að aðlagast að kenna svona ungum krökkum, helsta vandamálið var að þið voruð ekki alveg að ná hómornum hjá mér og svo átti ég það til að senda heim aðeins of flókin heimaverkefni. Þar er minnisstæðast talnarugl verkefnið sem ég sendi heim og fékk ég nokkrar athugasemdir frá foreldrum sem sátu sveitt við að aðstoða ykkur við heimanámið. Þegar þið voruð svo komin í 5. bekk þá urðu þið einn bekkur sem héldu mér, Ómari og Ester algjörlega á tánnum. Við vorum dugleg að vera í allskonar útiveru fótbolta, eggjaleit og svo unnum við oft skólaverkefni úti. Þegar komið var að því að plana vorferðina var ákveðið að fara á Þingvelli þar sem var nóg af pláss til þess að fá útrás fyrir orkunni og skoða fallega náttúru. Síðasta árið okkar saman var örðruvísi, Covid skall á og fullt af takmörkunum og reglum sem við þurftum að fara eftir en ég náði samt að bjóða ykkur heim í grillaðar pylsur og leiki í lok skólaársins.

Þið eruð frábær hópur sem hafið kennt mér margt og vonandi skyldi ég eitthvað eftir fyrir ykkur sem á eftir að reynast ykkur vel í framtíðinni. Haldið áfram að vera besta útgáfan af sjálfum ykkur og njótið þess að vera til.

Sindri:

Ég man eftir því að hafa komið fyrst í bekkinn ykkar í 6.bekk. Það var rosalega skrýtin upplifun að vera svona ungur í kringum næstum því unglina. Það var alltaf stutt í gamanið hjá okkur og hefur það haldist þannig í öll þessi ár. Stuttu eftir að ég byrjaði sem stuðningur í bekknum ykkar skellur Covid á. Þá var margt í óreiðu og enginn vissi neitt. Það var þá sem maður lærði mikið á ykkur og af ykkur. Í vorferðinni í 6.bekk fórum við í íþróttarhúsið þar sem helmingur bekkjarins var búinn að byggja virki og það máttu ekkert allir komast að því virki. Eins og gerist í 6.bekk þá sauð auðvitað upp úr. Í 7.bekk héldu þið áfram að vaxa og dafna og maður tók eftir því að á hverjum degi þá var að myndast góður bekkjarbragur. Við vorum með námsmaraþon sem fjáröflun fyrir Reyki, en vegna Covid, þá fórum við ekki á Reyki heldur í Rush og svo þriggja daga ferð á Úlfljótsvatn. Það var hrikalega skemmtilegt. Við vorum með tískusýningu þar sem einhverjir náðu að plata mig í kjól og fengu auðvitað að mála mig með öllu snyrtidótinu sem hver og einn tók með sér. Ekki má gleyma heimsmetinu mínu sem ég sló við það að blása glös af borði en það er önnur saga. Stuttlega eftir ferðina verð ég einn af kennurunum ykkar, það var ákveðið stökk fyrir mig en þið sáuð til þess að það var ekkert vandamál. Í 8.bekk voruð þið orðnir opinberlegir unglingar og földuð það ekkert. Það var mikið stökk fyrir ykkur að fara í 8.bekk en eins og með allt annað þá var það ekkert vesen í lok skólaárs. 8.bekki vorferðin var

geggjuð, við fórum í Mini- og fótboltagolf þar sem ég fór í keppni við ákveðna stráka. Þeir voru handvissir að þeir myndu vinna "gamla" kallinn því stuttu áður var einn nemandi búinn að segja við mig í Pógó leik að ég væri með hálfra löppina ofan í gröfinni, ekki nema 10 árum eldri en þið. En eins og í Pógó, þá vann ég ykkur í vorferðarkeppninni okkar. Stuttu fyrir skólaslit er ykkur tilkynnt það að ég verði ekki áfram með ykkur á næsta ári heldur ætla að prófa eitthvað nýtt innan skólans. Það var ekkert tekið sérlega vel í það en það var ákvörðun sem þurfti að taka. Skólaslitin voru tilfinningaþrungin og maður náði að fela það ágætlega á meðan skólaslitin voru í gangi en um leið og maður fór heim, þá féllu nokkuð mörg tár.

Ég fékk þann heiður að kenna ykkur ensku í 10. bekk ásamt honum Erni. Ég kenndi ykkur ekkert í 9. bekk og fannst mér eitthvað vanta í mitt líf að vera án ykkar í eitt ár. Ég vil bara þakka kærlega fyrir mig árgangur 2008. Þið eruð frábær og gangi ykkur sem allra best.

Íris Rut: Ég hef náttúrulega verið svo heppin að kenna ykkur í 1. bekk, 2. bekk og 8.-10. bekk. Þannig mér finnst ég eiga heilmikið í ykkur. Ég fór frá því að þurrka tár, gefa knús, sussa ykkur því barnið í maganum var sofandi (og þið trúðuð því), þurrka upp ælur eftir ælupestir og yfir í að koma til ykkar 6 árum seinna öll orðin stærri en ég, en auðvitað ekki sterkari, öll búin að þroskast og komin með aðeins ljótari orðaforða sem ég var í sjokki að þið kynnuð þessi orð því jú fyrir mér voruð þið ennþá 7 ára. Í þetta skipti virkar ekki að sussa ykkur því barnið í maganum er sofandi, þið eruð ekki mikið að láta mig þurrka tárin en þó fæ ég ennþá knús af og til. Ég hef aldrei verið án ykkar í þessum skóla og mun vera mjög tómlegt án ykkar.

Íris og Örn

Elsku 10. bekkur. Það er svo margt sem er hægt að segja þegar við lítum tilbaka og allt það skemmtilega sem við höfum upplifað saman sem hópur. Hérna koma nokkrur minningarbrott frá okkur. Við munum eftir:

þegar allan 8. bekk voruð þið að spyrja okkur hvort að þið væruð ekki alveg örugglega versti bekkur sem þið höfðuð kennt.

þegar við vorum öll að læra að binda bindishnúta saman á bóndadaginn.

þegar við fórum til Slóvakíu og hvað þið voruð geggjuð í að vera mætt á réttum tíma á flest alla staði.

hvað þið eruð orðin frábær í að koma fram og vera með kynningar....ekki bara á íslensku heldur líka fyrir t.d. Slóvakíu hópinn.


hvað þið eruð búin að vera geggjuð á síðustu Árs hátíðum.

hvað þið eruð geggjaðir bakarar. Hrekkjavökukökukeppnirnar, smákökurnar og afmælisveislur.

Það er auðvitað hægt að telja upp hundrað önnur atvik en eitt er víst að við munum aldrei gleyma ykkur og þið munuð alltaf eiga stórt pláss í hjarta okkar.

Saltkjöt og bollukappát á sprengidag

Nemendaráð Sandgerðisskóla hélt hið árlega bollukappát í hádegismatnum í gær, sprengidag. Tveir nemendur úr hverjum árgangi tóku þátt og spændu í sig bollum í þeirri von um að vera fljótari en hinir. Mikil stemning myndaðist á sal þar sem nemendur létu vel í sér heyra við að styðja bekki sína.



Hár- snyrti- og nuddstofan SPEZ

Sími: 4237953

Miðnestorgi 3, 245 Suðurnesjabæ

Lífsmottó 10. bekkjar

Alexander Ísak



Did you angle today?

Amine Halldór



And that's not wet concrete

Aníta Rut



Rick Grimes er GEITIN!

Aron Ingi



Það sést hverjir reykja Kristal.

Ásdís Elma



Úps.. Smá ljósku moment

Ástmar



Lífið er leikur. Þú þarft að spila það vel.

Einar Bergur



Kleppur er víða.

Elísabet Victoría



Hvítir Skór
BlazRoca, Ásgeir

Emilía Ósk



Lífið verður ekki auðveldara. Þú verður sterkari

Erich Snædís



Once you learn, the
„L” becomes silent.

Gabríela



Hakuna Matata.

Guðjón Þorgils



LIVE, LAUGH, LOVE.

Guðmundur Óskar



Velgengi er ferðalag, ekki
áfangastaður. Það að gera er
oft mikilvægara en
niðurstaðan.

Gunnar Karl



Ekki gera eitthvað sem
þú veist að einhver annar
getur gert fyrir þig.

Gunnlaugur Yngvi



Að eiga eina mömmu er
nauðsyn en að eiga tvær
er lúxus.

Karítas



But for my own part, if
a book is well written, I
always find it too short.
- Jane Austen

Jakub



You laugh because I'm
different. I laugh cause
I just farted.

Jónína Kristín



Always

Karma



Macdaginn

Katrín Ýr



WHO DID!!

Margrét Lilja



Lifðu lífinu þínu vel

Nadia



YOLO!

Oddný Soffía



No matter how many
people give me advice, I am
going to do what my heart
tells me to do.

Olgeir Aron



GOD DID!!

Ólafur Pétur



Luke 6:37

Rúnar Helgi




Tom Clancy's Rainbow
Six Siege er lífið.

Sara Dís



Gerðu þetta fyrir þig
en ekki þau.

Sebastian



Af hverju að vinna þegar
maður getur verið í tölvunni

Shemariah



We'll never be those kids
again. - Frank Ocean

Sigurður Ingi



Þetta reddast.

Sigurlaug Unnur



Lífið er dans á rósum en
engin rós er án þyrna.

Sædís Ósk



Já.

Tristan Breki



Watch out ladies,
my my grandma
called me handsome.

 **South Air**
-at your service!

Bóndadagur

Nemendur Sandgerðisskóla héldu upp á bóndadaginn með því að mæta í lopapeysum og/eða með bindi. Nemendaráðið bauð upp á smakk á Þorramat en bóndadagur er einmitt fyrsti dagur Þorramánaðar. Margir smökkuðu og rann ljúfmetið misvel niður.



Hamfaraárið 2023-2024

Vegna óvissustigs Almannavarna
07.11.2023
LESA MEIRA



Hamfaraárið 2023-2024

Skólastarf fellur niður föstudaginn 9. febrúar
08.02.2024
LESA MEIRA



Skólastarf í Sandgerðisskóla fellur niður á morgun
11.02.2024
LESA MEIRA

Systkinastríð

Gunnar 9 rétt / Kamilla 8 rétt



Gunnar svarar

- Afmælisdagur: 25. júní
- Uppáhalds litur: Gulur
- Uppáhalds matur: Pítsa
- Uppáhalds mynd og þættir: Stranger Things og 10 things I hate about you
- Uppáhalds fag: Enska
- Uppáhalds tónlistarmaður og lag: Eminem og The monster
- Áhugamál: Dans

Kamilla svarar

- Afmælisdagur: 14. júní
- Uppáhalds litur: Grænn
- Uppáhalds matur: Taco
- Uppáhalds mynd og þættir: Íslenskir þættir og Grown ups
- Uppáhalds fag: Íþróttir og íslenska
- Uppáhalds tónlistarmaður og lag: Steindi jr. og Sama um.
- Áhugamál: Fótbolti



www.driveme.is driveme@driveme.is

Brandarar

Hvernig veiðir maður flugfisk?
—Nú, í loftnet.

En á hvað veiðir maður saltfisk?
—Auðvitað á saltstöng.

Ég gleymdi að taka með mér
gsm-símamann þegar ég fór á
salernið og komst þá að því að það
eru 245 flísar á baðherberginu.

Gerviblómin mín dóu af því að ég
gleymdi að þykjast vökva þau.

Af hverju fenguð þið ykkur
langhund?
—Svo allir krakkarnir gætu
klappað honum í einu.

Hvað gera köngulærnar þegar
þeim leiðist?
—Hanga á netinu.

Amma hóf að ganga 10 kílómetra
á dag þegar hún varð sextug. Í
dag höfum við ekki hugmynd um
hvar hún er.

Á milli tveggja spákvenna:
„Þetta er nú meiri kuldinn,“ segir
önnur.
„Já,“ segir hin. „Hann minnir mig á
frostaveturinn mikla árið 2031.“

Torfi var handtekinn í bankanum
fyrir það eitt að kynna dóttur sína
fyrir gjaldkeranum.
—Nú, hvað sagði hann eiginlega?
Þetta er Rán.

„Í nótt,“ sagði hann, „dreymdi mig
að ég væri að ganga um á þessari
líka fallettu sandströnd.“

„Einmitt!“ stundi hún. „Þá er komin
skýringin á fótsporunum í
kattarkassanum.“

Hvað borða vegan vampírur?
—Blóðappelsínur

Ég keypti mér nýtt boomerang um
daginn og ætlaði því að losa mig
við það gamla, en það tókst bara
ekki. Það kom alltaf til baka.

HA
HA!

HA
HA!

HA
HA!

Maður um tvítugt kemur inn á
heilsugæslustöð í Árbænum.
Á höfðinu á honum er áfastur
froskur og lækningaritanum verður
starsýnt á þetta.
„Hvernig gerðist þetta eiginlega?“
spurði lækningaritarinn loksins.
„Þetta byrjaði nú bara sem varta
á annarri rasskinninni á mér,“
svaraði froskurinn.

Menn frá Öryggiseftirliti ríkisins
komu inn á ónefnt verkstæði í
höfuðborginni. Þeim fannst einn
starfsmannanna fara heldur
óvarlega með suðutæki.
„Heyrðu vinur,“ sögðu þeir við
hann. „Þú verður að fara varlega
með þetta verkfæri. Það er ekki
langt síðan að stórslys hlaut af
rangri meðferð suðutækja.
Tólf manns slösuðust.“
„Það gæti ekki átt sér stað hér,“
svaraði sá glannalegi snúðugt.
„Nú, því segir þú það?“
„Við erum ekki nema átta
á verkstæðinu.“

Ingi gamli átti að kaupa kjúklinga
í Bónus, en gleymdi gjörsamlega
heiti þeirra. Hann dó þó ekki
ráðalaus, náði í eggjabakka,
opnaði hann, benti á eggin og
spurði einn af starfsmönnum
verslunarinnar: „Veistu hvar ég get
fundið mömmu þeirra?“

Á stórslysæfingu í hráslagalegu
veðri í Keflavík heyrðist
eftirfarandi skipun fara út í loftið
frá stjórnendum æfingarinnar:
„Allir sem eru dauðir eru beðnir að
þjappa sér saman til að halda á sér
hita!“

„Hvað segirðu um að skreppa í
smá göngutúr, elskan mín?“
„Mér líst vel á það.“
„Fínt! Myndirðu þá ekki koma við í
sjoppunni á leiðinni heim og
kaupa fyrir mig einn lakkríspoka?“

Hafnfirðingar sögðu einu sinni
Kína stríð á hendur. Tilkynning
þeirra var svohljóðandi:
„Við erum með tvo sérsmíðaða
fjallajappa og 150 FH-inga með
riffla.“
Svar Kína: „Meðtekið. Við mætum
með 20.000 skriðdreka og
2.500.000 hermenn.“
Næsti póstur Hafnfirðinga:
„Við erum hættir við, höfum alls
ekki pláss fyrir svo marga
stríðsfanga!“

Þegar ég gekk framhjá húsinu sem
ég ólst upp í langaði mig allt í einu
til að fá að skoða gamla herbergið
mitt. Ég hafði ekki séð það í 30 ár
og bankaði því upp á og spurði,
hvort það væri mögulegt. Mér var
ekki svarað og hurðinni bara skellt
á nefið á mér. Foreldrar mínir geta
verið svo ruddalegir!

Tónlistarskóli Sandgerðis

Tónlistarskólinn gegnir lykilhlutverki við miðlun tónlistarþekkingar og þróun tónlistarlífs í bæjarfélaginu. Skólinn þjónar breiðum hópi tónlistaráhugafólks á ýmsum aldri, frá 6 – 88 ára. Sumir stunda námið sér til ánægju og aðrir hyggjast leggja tónlistina fyrir sig. Mikilvægt er að tónlistarnám veki ánægju og örvi nemendur til að iðka tónlist og njóta hennar. Kennarar skólans eru allir virkir í íslensku tónlistarlífi, vel menntaðir og reynslumikið tónlistarfólk.

Gildi tónlistarnáms er margþætt. Markvisst tónlistarnám miðar að auknum þroska, þjálfar huga og eflir tjáningarhæfni. Auk þess veitir gott tónlistarnám lífsfyllingu, er skemmtilegt og hefur jákvæð félagsleg áhrif.

Það er alltaf hægt að sækja um nám við **Tónlistarskóla Sandgerðis** í gegnum vefsíðu skólans; www.tonosand.is. Svo má alltaf kíkja í heimsókn og skoða og spyrja.



Viðtalið

Hvað heitir þú fullu nafni?

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir.

Hvað vannst þú lengi sem skólastjóri í Sandgerðisskóla? 9 ár, frá 2007-2016.

Hvað saknar þú mest við að starfa við Sandgerðisskóla? Lífsins í húsinu, fólksins og barnanna. Það er svo gefandi að vinna í svona nánum samskiptum við fólk.

Hvað var skemmtilegast við það að vera skólastjóri í Sandgerði? Að geta haft áhrif á skólastarfið. Það skiptir mig miklu máli, að þróa skólastarf.

Við hvað hefur þú starfað eftir Sandgerðisskóla?

Ég er ennþá að starfa við sama starf eftir Sandgerðisskóla og það er sviðsstjóri mennta- og lýðheilsu-sviðs í Hafnarfjarðarbæ. Ég sé um allt skólastarf í Hafnafirði, 17 leikskólar og 9 grunnskólar, tómstundir, félagsmiðstöðina og íþróttamiðstöðina.

Hvað gerir þú í frítíma þínum?

Les og hlusta á bækur, fjölskylda og vinir!

Ferðast þú oft til útlanda og ef svo hvaða land ferð þú oftast til?

Tenerife!

Hvaða framhaldsskóla valdir þú? Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

Hvaða braut valdir þú í framhaldsskóla? Félagsfræðibraut, Sálfræðilínu.

Nefndu 5 atriði sem þú gætir ekki verið án:

Tannbursta, rúmið mitt, klósettpappír, internet og snjalltæki.

3 orð sem á þínu mati lýsa Sandgerðisskóla:

Hljá, Jafnrétti og Uppbygging

Fyrir skvísurnar í Sandgerðisskóla, hvaða snyrtivara í snyrtibuddunni mælir þú með? Bronzing gel frá Sensei, Sensei maskari og Clarins gloss.

Uppáhalds kvikmynd? La Vita Bella

Uppáhalds lag? Uppáhalds erlenda lagið mitt er Hallelúja og Afgan íslenska



Til hamingju árgangur 2008!

Við erum stolt af ykkur.



S U Þ U R N E S J A B Æ R

VELKOMIN Í SUÐURNESJABÆ



ÖKUKENNSLA

www.17.is



Ökuskólinn þinn
á netinu